

# Revolut

## Plus, Premium, Metal reikningseigendur

Trygging á kaupum, trygging á endurgreiðslu, trygging  
vegna afpöntunar miða

Vátryggingarskírteini Skilmálar

30. april 2025

# EFNISYFIRLIT

HVERNIG Á AÐ HAFNA SAMBAND VIÐ UMSJÓNARAÐILANN .....	3
SKILYRÐI TIL AÐ HALDA UPPI KRÖFU UM BÆTUR .....	4
Í HVAÐA GJALDMIÐLI VERÐA KRÖFURNAR GREIDDAR .....	5
RÉTTUR TIL BÓTA.....	5
1. TRYGGING Á KAUPUM OG TRYGGING Á ENDURGREIÐSLU .....	6
2. TRYGGING VEGNA AFPÖNTUNAR MIÐA .....	8
VÁTRYGGINGARTÍMABIL.....	10
SKATTAR OG GJÖLD .....	10
FRAMSAL .....	10
FYLGNI VIÐ SKILYRÐI VÁTRYGGINGARSKÍRTEINISINS .....	10
RÉTTUR ÞRIÐJA AÐILA .....	10
VARÚÐARREGLUR.....	10
KVARTANIR .....	10
VIÐSKIPTA- OG EFNAHAGSLEGAR REFSIADGERÐIR.....	11
PERSÓNUVERND.....	11
BREYTINGAR GERÐAR AF OKKUR.....	12
LÖG OG LÖGSAGA .....	12
UPPLÝSINGASKYLDA .....	12
SKILGREININGAR .....	13

# INNGANGUR

Þetta váttryggingarskírteini er samningur á milli váttryggingartaka og okkar, sem *Revolut Insurance Europe* hefur útvegað þér til hagsbóta samkvæmt skilmálum og skilyrðum sem kveðið er á um í Plus, Premium & Metal skilmálum. Váttryggingarskírteini inniheldur frekari útskýringar á því hvað er tryggt, skilyrðum og undanþágum sem eiga við og er grundvöllur þess að allar kröfur verða metnar undir váttryggingarskírteinis númerinu: FRBOPA57799.

Chubb er eini váttryggjandi fyrir kaup til og með 31. mars 2022. Þá munu Chubb og Wakam starfa sem meðtryggjendur fyrir kaup frá og með 1. apríl 2022.

Í staðinn fyrir að hafa þegið iðgjaldið frá váttryggingartakanum, munum við veita trygginguna sem er nánar útlistuð í þessu váttryggingarskírteini til váttryggingartakans fyrir þig í samræmi við gildandi kafla váttryggingarskírteinis þessa, eins og vísað er til í áætlun váttryggingarskírteinisins.

Skilmálar váttryggingarskírteinisins, áætlun váttryggingarskírteinisins, allar áritanir og IPID er allt hluti af váttryggingarskírteininu. Áætlun váttryggingarskírteinisins sýnir hvaða bætur *Revolut Insurance Europe* hefur samið, hver er tryggður undir þessu váttryggingarskírteini og hvenær og hvar tryggingin á við.

Þetta váttryggingarskírteini og öll samskipti fyrir og á váttryggingartímabilinu verða veitt á því tungumáli sem *Revolut aðgangurinn þinn* er á.

Ákveðin orð hafa sérstaka merkingu sem eru *skáletruð* og eru skilgreind undir "skilgreiningar" í lok þessa skjals.

váttryggingartakinn og þú ættuð að halda skrá (þ. á m. afrit af bréfum) yfir allar upplýsingar sem veittar eru til okkar í tengslum við trygginguna.

## Hvernig á að hafa samband við umsjónaraðilann

Váttryggjendur hafa skipað stjórnandann til að halda utan um þessa aðalstefnu, sem mun vera þér innan handar allan líftíma þessarar stefnu, svara öllum spurningum sem þú gætir haft um stefnuna og munu takast á við kröfu þína.

Ef þú hefur einhverjar sérstakar þarfir sem gera samskiptin erfið, vinsamlegast láttu umsjónaraðilann vita sem mun aðstoða þig með ánægju.

Ef þú óskar eftir því að ræða þetta váttryggingarskírteini, eða þú villt gera kröfu um bætur á grundvelli þess eða ræða yfirstandandi kröfu, getur þú haft samband við umsjónaraðilann, tengiliða upplýsingar finnur þú hér fyrir neðan:

<b>Í gegnum tölvupóst</b> <b>ALMENNAR FYRIRSPURNIR</b> <a href="mailto:contact@qover.com">contact@qover.com</a>	<b>Í gegnum síma</b> <b>ALMENNAR FYRIRSPURNIR</b> <b>+32 2 808 96 39</b>
<b>Vegna krafna</b> <i>Farðu inná Stjórnborðið þitt inná Revolut smáforritinu og fylltu út tjónstilkynningu eða farðu á <a href="http://revolut.qover.com">revolut.qover.com</a></i>	
<b>Í gegnum heimasíðuna okkar</b> <a href="http://www.qover.com">www.qover.com</a>	<b>Með bréfpósti</b> Qover SA/NV Rue du Commerce 31, 1000 Brussels – Belgium

## Skilyrði til að halda uppi kröfu um bætur

- Allar kröfur eða mögulegar kröfur um bætur verða að vera tilkynntar innan 30 daga eða eins fljótt og auðið er eftir að slysið eða *atvikið* verður sem gefur tilefni til kröfu til bóta.
- Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina váttryggingu getur þú valið hvaða váttryggingu þú villt nota þar til þú hefur fengið þær bætur sem þú átt kröfu til. Ef fleiri en eitt váttryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.
- Almennir vextir verða greiddir á kröfu tveimur mánuðum frá því að tilkynning um váttryggingaratburð og nauðsynlegar upplýsingar hafa verið sendar til *okkar*.
- Vinsamlegast gættu þess að þú geymir afrit af öllum gögnum sem þú sendir til okkar til að rökstyðja kröfu um bætur.
- Þú þarft að útvega öll eftirfarandi atriði, upplýsingar og gögn og allt annað sem við eða kröfuhafi með sanngjörnum hætti krefjumst til þess að þú getir gert kröfu um bætur. Eftirfarandi verður þú að útvega á eigin kostnað.

Bætur	Nauðsynlegar upplýsingar
Almennt	<ul style="list-style-type: none"><li>Frumrit af öllum gögnum</li><li>Útfyllt tjónstilkynning</li></ul>

### Trygging á kaupum, trygging á endurgreiðslu og trygging vegna afpöntunar miða

Bætur	Nauðsynlegar upplýsingar
Trygging á kaupum	<ul style="list-style-type: none"><li>Sönnun þess að þú hafir keypt hlutinn á þínum reikningi</li><li>Kvittun frá smásala</li><li>Skýrsla frá lögreglunni þar sem gerð er grein fyrir þjófnaði</li><li>Skil á skemmda hlutum ef <i>umsjónaraðilinn</i> krefst þess</li></ul>
Trygging á endurgreiðslu	<ul style="list-style-type: none"><li>Sönnun þess að þú hafir keypt hlutinn á þínum reikningi</li><li>Kvittun frá smásala</li><li>Upplýsingar um smásöluaðilann sem neitar að taka við skiluðum hlut</li><li>Sönnun þess að smásalinn neitar að taka við hlutum aftur</li><li>Skil á keypta hlutum í upprunalegum umbúðum ef <i>umsjónaraðilinn</i> krefst þess</li></ul>
Trygging vegna afpöntunar miða	<ul style="list-style-type: none"><li>Í öllum tilvikum:<ul style="list-style-type: none"><li>✓ Sönnun þess að þú keyptir <i>miðann</i> á þínum reikningi</li><li>✓ Kvittun frá smásalanum</li></ul></li><li>Ef um að ræða alvarleg líkamsmeiðsli eða alvarleg veikindi:<ul style="list-style-type: none"><li>✓ Frumrit af læknisvottorði þar sem fram kemur dagsetning og eðli slyss eða veikindanna.</li></ul></li><li>Ef um er að ræða Covid-19:<ul style="list-style-type: none"><li>✓ Læknisvottorð þar sem tilgreint er að krafa sé gerð um einangrun eða afrit af niðurstöðu úr Covid-19 prófi.</li></ul></li><li>Ef um er að ræða dauðsfall:<ul style="list-style-type: none"><li>✓ Afrit af dánarvottorði.</li></ul></li><li>Ef um er að ræða fæðingu barns:<ul style="list-style-type: none"><li>✓ Afrit af fæðingavottorði.</li></ul></li><li>Ef um er að ræða skemmdir á ökutæki, heimili eða atvinnuhúsnæði:</li></ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Afrit af tjónaskýrslunni sem er gerð af skemmdu eigninni.</li> <li>• Ef um er að ræða <i>atvik</i> þar þú ert kveðinn sem vitni: <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Afrit af upprunalega tilkallinu.</li> </ul> </li> <li>• Ef um er að ræða óvænta viðskiptaferð: <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Afrit af ferðaáætluninni (þ. á m. dagsetningar og ástæður) frá atvinnurekanda <i>þínum</i> sem skipaði viðskiptaferðina eða skylduna til að vera á vinnustaðnum <i>þínum</i>.</li> </ul> </li> <li>• Ef um er að ræða faglegan tíma með birgja eða viðskiptamanni: <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Afrit af tímapöntuninni sem inniheldur dagsetningarnar og ástæður fyrir því að hitta viðkomandi.</li> </ul> </li> <li>• Ef um er að ræða endurupptöku próf: sönnun af dagsetningunni og tímasetningunni af prófinu.</li> <li>• Ef um er að ræða <i>þjófnað</i> á persónuskilríkjum eða <i>þjófnað</i> á viðurkenndum miða (miðum): <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Afrit af lögregluskýrslu.</li> </ul> </li> <li>• Ef um er að ræða að ökutæki þitt verður kyrrsett: <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Afrit af reikningi fyrir neyðarþjónustu eða drátt á ökutækinu.</li> </ul> </li> </ul>
--	--

## Í hvaða gjaldmiðli verða kröfurnar greiddar

Tjón sem er tryggt með þessum *Skilmálum* verður endurgreitt inná Revolut reikninginn þinn í evrum. Gengi evrunnar er ákvarðað á þeim degi sem að *tryggði hluturinn* var upphaflega keyptur með Revolut reikningnum þínum.

Viðgerðarkostnaður af *tryggða hlutum* er tryggt í samræmi við *Skilmálana* og verður endurgreitt inná Revolut reikninginn þinn í evrum. Gengi evrunnar er ákveðið á þeim degi sem reikningurinn fyrir viðgerðinni á *tryggða hlutum* er greiddur.

## Réttur til bóta

Bætur sem lýst er í *skilmálum þessa vátryggingarskráteinis* eru háðar eftirfarandi skilyrðum:

- ✓ *reikningur* hafi verið keyptur;
- ✓ *reikningurinn* sé gildur;
- ✓ gjöld vegna *reikningsins* hafi verið greidd í samræmi við *reiknings* samninginn á þeim tíma þegar tjón verður sem verður tilefni af kröfu til bóta;
- ✓ þú ert með "Plus", "Premimum" eða "Metal" *aðgang* samfelt (þ.e. án truflana) frá þeim tíma sem vörurnar eða *miðarnir* voru keyptir (að teknu tilliti til *þinnar* uppfærslu) þar til tilkynnt er um kröfu um bætur.

Þú uppfyllir einnig skilyrði fyrir tryggingu ef þú uppfærir reikninginn frá ókeypis Revolut *reikningi* yfir í "Plus", "Premimum" eða "Metal" *reikning* og greiðir fyrir slíkan reikning innan 12 klukkutíma frá því að hluturinn er keyptur, að því uppfylltu að hluturinn hafi verið keyptur á netinu.

Allar bætur eru háðar því að hluturinn eða *miðinn* sem krafist er bóta vegna hafi verið keyptur í gegnum *reikninginn*.

# Vátryggingabætur

Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur þú valið hvaða vátryggingu þú villt nota þar til þú hefur fengið þær bætur sem þú átt kröfu til. Þú verður að upplýsa okkur um allar slíkar tryggingar og aðstoða aðila við að sækja endurgreiðslu þar sem slíkt á við.

## 1. TRYGGING Á KAUPUM OG TRYGGING Á ENDURGREIÐSLU

Í þessum 1. kafla eru upplýsingar um tryggingu á kaupum og tryggingu á endurgreiðslu sem þér er veitt með *reikningnum*.

### A. Trygging á kaupum

Þessar bætur gilda fyrir *tryggða hluti* sem eru keyptir eða afhentir (ef hluturinn er afhentur eftir dagsetninguna á kaupunum) að fullu af *reikningnum* til persónulegra nota sem eru glænýir, hafa ekki átt aðra eigendur og voru ekki keyptir af einstaklingi. *Tryggðir hlutir* keyptir um allan heim eru tryggðir en aðeins ef hluturinn sem er tryggður uppfyllir CE öryggis og umhverfisvottun sem var í gildi þegar hluturinn er keyptur innan Evrópusambandsins eða í Bretlandi.

Ef að hlutum sem þú keyptir er stolið eða hann skemmist óvart þannig að hluturinn er ónýtur innan 365 daga frá kaupunum (eða frá afhendingar dagsetningunni ef sú dagsetning er seinna en dagurinn sem hluturinn var keyptur), færð þú greiddan viðgerðarkostnað eða þér er gefinn sambærilegur hlutur í staðinn að hámarki kaupverðsins þar sem dregið verður 5% fyrningargjald á hverjum mánuði eftir 90 daga frá kaupunum.

- €1,000 ef þú ert með Plus *reikning*
- €2,500 ef þú ert með Premium *reikning*
- €10,000 ef þú ert með Metal *reikning*

hvort sem er lægra. *Kaupverðið* mun vera fjárhæð samstæðu eða setts af hlutum ef þeir eru notaðir saman og er ekki hægt að endurnýja í sitthvoru lagi.

Það mesta sem við munum greiða fyrir hvern tjónsatburð og á hverju 12 mánaða tímabili

- €1,000 ef þú ert með Plus *reikning*
- €2,500 ef þú ert með Premium *reikning*
- €10,000 ef þú ert með Metal *reikning*

12 mánaða tímabilið hefst við síðara tímamarkið, þegar þú gerist fyrst áskrifandi af Plus, Premium eða Metal *reikningi* eða á dagsetningu tryggingarinnar.

Vegna farsíma, ertu auk þess aðeins tryggð/tryggður fyrir einu tjóni á hverjum *reikningi* á 12 mánaða tímabili sem hefst á þeim degi sem fyrri tilkynningin þín um kröfu um bætur vegna farsíma berst.

Við munum einnig borga fyrir sendingarkostnaðinn til að senda hlutinn til okkar að hámarki €50.

### Undanþágur

Þú ert ekki tryggður fyrir eftirfarandi:

- Vara með kaupverð lægra en €50
- Venjulegu sliti.
- Tjón sem þú veldur af ásetningi.
- Skemmdir sem verða af hlutum vegna galla.
- Þjófnaði eða skemmdum á hlutum þar sem þú hefur ekki séð nægjanlega vel um hlutinn eða skilið þá eftir eftirlitslausu eða á óöruggum stað.

- Þjófnaður sem er ekki tilkynntur til lögreglu innan 48 tíma frá því að þjófnaður uppgötvaðist eða eins fljótt og auðið er og án skriflegrar skýrslu sé aflað.
- Allar sviksamlegar, óheiðarlegar eða refsiverðar athafnir sem þú eða einhver sem er tengdur þér framkvæmir.
- Eignaupptaka eða eyðilegging af hlutum af einhverjum stjórnvöldum, tollinum eða yfirvöldum.
- Kostnaður sem hægt er að endurheimta frá öðrum aðilum.
- Þjófnaður eða skemmdir á: verðmætum steinum; sjaldgæfum og verðmætum myntum eða frímerkjum; einstökum hlutum, þ. á m. fornmunum, listmunum og loðfeldum; reiðufé eða ígildi þess (þar á meðal ferðatékkum); hlutabréfum, skuldabréfum, afsláttarmiðum, verðbréfum af öllum tegundum og samsvarandi pappírur; miðum; þjónustu; bókum; dýrum og plöntum; neysluvörum og vörum með lítið geymsluþol; mat og drykk; heilbrigðisþjónustu vörum; endurgerðum og endurnýjuðum hlutum; hlutum af lagersölu; ökutækjum og aukahlutum í ökutæki; landi og byggingum; hlutum sem eru varanlega fastir við heimilið, skrifstofu eða ökutæki; stafrænum gögnum til að skoða eða hlaða niður á netinu (þ. á m. skrá, tónlist, bíómyndum, ljósmyndum, hugbúnaði); vörum sem eru keyptar til að selja áfram eða til að nota í atvinnuskyni; vopnum, ólöglegum fíkniefnum, fölsuðum vörum og öðrum slíkum vörum sem sæta toll upptöku; kaupum á jafningasíðum nema frá söluaðilum í atvinnuskyni.
- Allir hlutir sem eru ekki greiddir beint og að fullu á *reikningnum*, eins og hlutir sem keyptir með greiðsludreifingu, jafnvel þó að slíkar greiðsludreifingar séu greiddar í gegnum *reikninginn*.
- Uppgerðir hlutir.
- Fagurfræðilegar skemmdir eða aðrar skemmdir sem hafa ekki áhrif á virkni tækisins.
- Sendingarkostnaður við að senda hlutinn til *okkar* sem fer yfir €50.

## B. Trygging á endurgreiðslu

Þessi trygging gildir fyrir *tryggða hluti* sem keyptir eru í gegnum *reikninginn* til einkanota sem eru glænýir, hafa ekki átt fyrir eigendur og voru ekki keyptir af einstaklingi. Aðeins hlutir keyptir frá söluaðila innan þess lands þar sem *þinn reikningur* er skráður og í Evrópu.

Ef af söluaðili vill ekki taka til baka ónotaða hlutinn sem þú keyptir í gegnum *reikninginn* innan 90 daga frá kaupunum:

1. Þú færð greitt *kaupverð* hlutarins eða €300, hvort sem er lægra.
2. Þú munt aðeins frá greitt að hámarki €600 undir þessari tryggingu á endurgreiðslu samkvæmt kafla 1.B á hverju 12 mánaða tímabili sem byrjar á dagsetningu gildistökudags *reiknings þíns*.
3. Þú færð greiddan flutningskostnað til að senda hlutinn til *okkar* að hámarki €50.

### Undanþágur

Þú ert ekki tryggður fyrir eftirfarandi:

- Allir hlutir þar sem *kaupverðið* nemur minna en €50.
- Hlutir sem eru keyptir utan þess lands þar sem *reikningurinn* þinn er skráður eða í Evrópu.
- , sjaldgæfar eða verðmætar myntir eða frímerki; einstakir hlutir þar á meðal fornmunir, listmunir og loðfeldir; reiðufé eða ígildi þess (þ. á m. ferðatékkar); hlutabréf, skuldabréf, afsláttarmiðar, verðbré af öllum tegundum og samsvarandi pappírur; miðar; þjónusta; bækur; dýr og plöntur; neysluvörur og vörur með lítið geymsluþol; matur og drykkir; heilbrigðisþjónustu vörur; endurgerðir og endurnýjaðir hlutir; lagersölu hlutir; ökutæki og aukahlutir í ökutæki; land og byggingar; hlutir sem eru varanlega fastir við heimili, skrifstofu eða ökutæki; stafræn gögn til að skoða eða hlaða niður á netinu (þ. á m. skrá, tónlist, bíómyndir, ljósmyndir, hugbúnaður); vörur sem eru keyptar

til að selja áfram eða til að nota í atvinnuskyni; vopn, ólögleg fíkniefni, falsaðar vörur og aðrar slíkar vörur sem sæta toll upptöku; kaup á jafningasíðum nema frá söluaðila í atvinnuskyni.

- Sendingar- og meðhöndlunarkostnaði vegna kaupa eða skila á hlut frá/til smásöluaðila.
- Sendingarkostnaði fyrir að senda hlut til *okkar* sem fer yfir €50.
- Það er engin trygging ef að ástæða þess að smásöluaðilinn neitar að endurgreiða er vegna þess að smásöluaðilinn tekur ekki við skilum á hlutum með pósti.

## 2. TRYGGING VEGNA AFPÖNTUNAR MIÐA

Þessi trygging gildir um *miða* sem eru keyptir að fullu á *reikningnum* til einkanota sem hafa ekki átt fyrri eigendur og hafa ekki verið keyptir af einstaklingi. Aðeins *miðar* á *viðburði* sem eiga sér stað í landinu þar sem *reikningurinn* þinn er skráður eða innan *Evrópu* eru tryggðir.

Ef þú getur ekki mætt á *viðburðinn* vegna skyndilegra og óvæntra aðstæðna, sem þér var ekki kunnugt um þegar þú keyptir miðann, greiðum við það sem lægra er, eða nafnvirði miðans eða að hámarki €1,000 fyrir eina upptöku á hverju 12 mánaða tímabili sem hefst á dagsetningu gildistöku dags *reiknings þíns*.

### Aðstæður sem tryggðar eru

#### Læknisfræðilegt:

- Dauðsfall, alvarleg líkamsmeiðsli, alvarleg veikindi sem eftirfarandi aðilar verða fyrir:
  - þú
  - sá er ætlaði með þér á *viðburðinn*
  - *náinn ættingi*
  - barnagæsluadili sem er á launum, sem þarf að sjá um börnin *þín* sem eru háð þér þann dag og á þeim tíma sem *viðburðurinn* er.
- Ef þú ert greindur með Covid-19 af *lækni* og þér hefur verið skipað að fara í einangrun.
- Fæðing barns *þíns* innan 5 daga fyrir *viðburðinn*.

#### Vinnu/náms tengt:

- Ef óvænt er krafist þess af atvinnurekanda þínum að þú ferðist í vinnuferð.
- Ef þú þarft að sitja endurupptöku próf á þeim degi og tíma sem *viðburðurinn* er og ekki er hægt að fresta prófinu.

#### Tengt samgöngum:

- Ef að ökutækið þitt skemmist innan 4 tíma fyrir *viðburðinn* og ekki er hægt að ferðast á *viðburðinn* með öðrum hætti,
- Ef þú verður fyrir óvæntri truflun í meira en 3 tíma í almenningssamgöngum, umferðarslys, seinkun flutningsaðila, flugvéla eða vegna annarra þekktra samgönguvanda meðan þú ert á leið á *viðburðinn*.

#### Tengt dómskerfinu:

- Ef þú ert kallaður til lögmætrar skyldu á deginum sem *viðburðurinn* er, þar með talið dómkvaðning eða þér er birt stefna eftir að hafa keypt *miða* á *viðburð*.

### Tengt þjófnaði:

- *Þjófnaður* á persónuskilríkjum *þínu* ef þeir eru nauðsynlegir til að komast á eða til að fá aðgang á *viðburðinn*, að því skilyrði uppfylltu að *þjófnaðurinn* gerist eftir bókun og innan við 1 viku fyrir *viðburðinn*.
- *Þjófnaður* á *miðum*.

### Tengt hamförum:

- Alvarlegt tjón á aðal heimili þínu, auka heimili þínu, eða atvinnuhúsnæði vegna elds, skemmdarverka, innbrots innan 48 tíma fyrir dagsetningu og tímasetningu viðburðarins og sem krefst nærveru þinnar til að framkvæma aðgerðir tengdar tjóninu eða viðgerð á skemmdu eigninni.
- Náttúruhamfarir eða slæmt veður sem leiðir til þess að ómögulegt er að ferðast á viðburðinn.

## Undantekningar

Þú ert ekki tryggður fyrir:

- Slys eða veikindi, ástand eða aðstæður sem þú vissir af þegar þú keyptir *miðann*, þar sem hefði með sanngirni mátt búast við að þú hefðir hætt við slíkan *miða* vegna ástands eða aðstæðna. Þetta útilokar ekki ófyrirsjáanlegt bakslag vegna veikinda eða slysa, sem hefði haldist stöðugt og án breytinga í meðferð í að minnsta kosti tvo mánuði áður en *miðinn* var keyptur.
- Allar kröfur þar sem að þjónustu aðilinn eða skipuleggjandi *viðburðar* býður upp á gjafabréf eða endurgreiðslu.
- Vilji þinn til að mæta ekki á *viðburðinn*.
- Öll meiðsli eða veikindi sem þarfnast ekki meðferðar hjá *lækni*.
- Geðsjúkdómar eða andleg veikindi.
- Meiðsli eða slys á *þér* sem eiga sér stað þegar þú ert undir áhrifum áfengis (yfir löglegum akstursmörkum) eða fíkniefnum nema þeim sé ávísað af *lækni*.
- Allar ólöglegar athafnir framkvæmdar af *þér*.
- Frestun, aflýsing, flutningur eða fráhrarf á *viðburðinum* af flytjanda, listamanni, kynningaraðila eða skipuleggjanda á *atburðinum*.
- Sjálfskaðandi meiðsli, sjálfsvíg eða sjálfsvígstílaun.
- Tap á miðanum/miðunum.
- Tap (öfugt við *þjófnað*) á persónuskilríkjum.
- Athæfi sem framkvæmd eru af ásetningu eða sviksamlega af *vátryggðum*.
- Sakamál gegn *vátryggðum*.
- Borgarastyrjöld eða stríð, óeirðir, alþýðuhreyfingar, hryðjuverk eða hryðjuverkaógn, hvaða áhrif sem á uppruna sinn að rekja til sem geislavirkni hefur í för með sér.
- *Miðar* keyptir eftir að stjórnvöld gefa út yfirlýsingar sem koma í veg fyrir að þú mætir á *viðburðinn*.
- *Miðar* á *viðburð* sem þú hefur keypt í viðskiptalegum tilgangi.
- Bilun eða seinkun á almenningssamgöngum sem verða vegna iðnaðaraðgerða eða verkfalls, sem tilkynnt var um eða byrjuðu áður en þú fórst að heiman eða þar sem þú hefðir með sanngirni mátt gera aðra ferðatilhögun.
- Slit eða gjaldþrotaskipti flytjandans, listamannsins, kynningarfyrirtækisins eða skipuleggjanda *viðburðarins*, umboðsmanna þeirra eða annara aðila sem kemur fram fyrir *þína* hönd.
- Viðskiptaferðir ef þú ert sjálfstætt starfandi eða ráðinn af *nánum ættingja*.

# Skilyrði váttryggingarskírteinisins

## Váttryggingartímabil

Þú átt rétt á tryggingabótum undir váttryggingarskírteininu frá því að *reikningurinn* er virkjaður, eða ef fyrr, frá gildistökudegi váttryggingarskírteinisins, og svo lengi sem að tryggingar skilyrðin sem fram koma í byrjun á þessum *skilmálum váttryggingarskírteinisins* halda áfram að vera uppfyllt. Við getum afturkallað eða hætt við trygginguna ef að þú hefur veitt okkur rangar upplýsingar eða ef það eru einhver sérstök tilvik sem heimila slíka uppsögn eins og kemur fram í skilmálum þessum með tilkynningu til þín án ástæðulauss dráttar og er tilkynningartímabilið tveir mánuðir. Þú getur farið með ágreining varðandi slíkt fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

## Skattar og gjöld

Aðrir skattar og gjöld sem kunna að vera til staðar eða falla til, sem eru ekki lagðir á af okkur.

## Framsal

Þú getur ekki framselt trygginguna sem er tryggð af okkur með þínum *reikningi* til annars aðila.

## Fylgni við skilyrði váttryggingarskírteinisins

Ef þú eða persónulegur fulltrúi þinn fara ekki að einhverjum skilyrðum til að aðhafast á ákveðinn hátt sem tilgreindur er í þessu *váttryggingarskírteini*, áskiljum við okkur rétt til að greiða ekki bætur.

## Réttur þriðja aðila

Aðeins váttryggjendur, váttryggingartaki og þú geta framfylgt skilmálum þessarar stefnu. Enginn annar aðili getur notið góðs af þessum réttindasamningi eða framfylgt neinum skilmálum hans. Stefnunni getur verið breytt eða hún felld niður af váttryggjendum og/eða váttryggingartaka án samþykkis annars aðila.

## Varúðarreglur

Þú skalt gera allar eðlilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða lágmarka tjónið.

## Kvartanir

Markmið okkar er að veita þeir hágæða þjónustu hvenær sem er, þrátt fyrir það gerum við okkur grein fyrir því að það geta komið upp atvik þar sem þér finnst nauðsynlegt að leggja fram kvörtun.

Vinsamlegast fylgdu ferlinu hér að neðan ef þú óskar þess að leggja fram kvörtun.

Öllum kvörtunum á fyrst að beina til: [mediation@qover.com](mailto:mediation@qover.com)

### QOVER SA Málamiðlunar deildin

Rue du Commerce, 31

1000 Brussels

Belgium

Sími: [+32 2 808 96 39](tel:+3228089639)

Ef að málið hefur ekki verið leyst þannig að sé fullnægjandi fyrir þig, getur þú skrifað til:

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum

Kalkofnsvegur 1

101 Reykjavík

Sími: 596 9600

Tölvupóstur: [urskvatr@sedlabanki.is](mailto:urskvatr@sedlabanki.is)

Fyrirkomulag meðhöndlunar kvartana hér að ofan er með fyrirvara um rétt þinn til að hefja dómsmál

## Viðskipta- og efnahagslegar refsiaðgerðir

Við verðum ekki gerð skyld til að veita tryggingu né veita neinn ávinning sem fellur hér undir ef ákvæðið sem kveður á um slíka tryggingu, greiðslu af slíkri kröfu eða ákvæði með slíkum bótum mun verða til þess að refsiaðgerðir, bönn eða takmarkanir verða lagðar á okkur undir ályktunum Sameinuðu þjóðanna eða viðskipta- eða efnahagsþvingunum, lögum og reglugerðum Evrópusambandsins, Bretlands eða Bandaríkjanna.

## Persónuvernd

Skilyrðin sem gilda um vinnslu persónuupplýsinga þinna samkvæmt þessari stefnu eru eftirfarandi:

### Fyrir innkaup til og með 31. mars 2022

Váttryggjandinn notar persónulegar upplýsingar sem váttryggingartaki afhendir váttryggjanda eða, þar sem við á, til váttryggingamiðlunar váttryggingartaka til að skrifa eða framkvæma þetta váttryggingarskírteini, þar á meðal allar kröfur sem stafa af því.

Þessar upplýsingar munu innihalda grunnupplýsingar eins og nafn váttryggða, heimilisfang og númer váttryggingarskírteinisins, en geta einnig innihaldið nánari upplýsingar um váttryggða (til dæmis, aldur, heilsu, upplýsingar um eignir, tjónasögu) þar sem að það skiptir máli varðandi þá áhættu sem váttryggjandinn er að veita tryggingu fyrir eða kröfu um bætur sem váttryggingartaki eða váttryggður er að tilkynna.

Váttryggjandinn er hluti af alþjóðlegum hópi, og persónulegum upplýsingum váttryggða má deila með samstæðufyrirtækjum í öðrum löndum ef þess er krafist til að veita bætur undir þessu váttryggingarskírteini eða til að geyma upplýsingar váttryggðs. Váttryggjandinn notar einnig fjölda traustra þjónustuaðila, sem munu hafa aðgang að persónulegum upplýsingum váttryggða samkvæmt leiðbeiningum og eftirlits váttryggjandans.

Váttryggður hefur fjölda réttinda í tengslum við persónulegar upplýsingar sínar, þar á meðal rétt á aðgangi að gögnum og, í ákveðnum tilvikum afmáun.

Þessi kafli setur fram grófar útskýringar á því hvernig við meðhöndlum persónulegar upplýsingar. Fyrir frekari upplýsingar, mælir váttryggjandi eindregið með því að váttryggingartaki og váttryggður lesi notendavæna persónuverndar stefnu, sem má finna hér: <https://www.chubb.com/fr-fr/footer/politique-de-confidentialite-en-ligne-english.html>. Váttryggingartakinn og váttryggður geta óskað eftir afriti á pappír af Persónuverndar stefnu okkar á hverjum tíma, með því að hafa samband við váttryggjanda hér: [dataprotectionoffice.europe@chubb.com](mailto:dataprotectionoffice.europe@chubb.com).

## Fyrir innkaup frá og með 1. apríl 2022

Þú ert upplýstur um að persónuupplýsingar sem þú gefur váttryggjendum, váttryggingartaka eða umsjónarmanni eru unnar af váttryggjendum til að skrifa og hafa umsjón með þessari váttryggingu. Chubb og Wakam vinna með persónuupplýsingar þínar sem meðtryggjendur sem starfa sem sameiginlegir ábyrgðaraðilar. Chubb hefur verið skipað til að koma fram fyrir hönd sameiginlegu stjórnenda í sambandi þeirra við þig frá og með 1. apríl 2022. Til að fá frekari upplýsingar um skilyrði fyrir vinnslu persónuupplýsinga þinna vegna þessarar stefnu, getur þú eða váttryggingartaki vísað til aðalpersónuverndarstefnu Chubb, sem er aðgengileg hér: <https://www.chubb.com/fr-fr/footer/politique-de-confidentialite-en-ligne-english.html>. Þess vegna, þegar það vísar til Chubb, tilnefnir aðalpersónuverndarstefnan Chubb og Wakam. Váttryggingartaki og váttryggðir geta óskað eftir pappír safriti af aðalpersónuverndarstefnunni hvenær sem er, með því að hafa samband við Chubb á [dataprotectionoffice.europe@chubb.com](mailto:dataprotectionoffice.europe@chubb.com). Þú getur einnig beðið um prentað afrit af meginþættinum í samkomulagi sameiginlegra ábyrgðaraðila milli Chubb og Wakam með því að hafa samband við Chubb á [dataprotectionoffice.europe@chubb.com](mailto:dataprotectionoffice.europe@chubb.com).

## Breytingar gerðar af okkur

Þetta er samningur á milli okkar og váttryggingartaka, sem er gerður á vegum *Revolut Insurance Europe*. Því getum við breytt hverju sem er í þessum skilmálum og/eða aðaltryggingaáætluninni með samþykki *Revolut Insurance Europe* hvenær sem er.

*Revolut Insurance Europe*/umsjónarmaður gefur þér að minnsta kosti 30 daga fyrirvara um slíkar breytingar. Ef breytingar á þessum skilmálum og skilyrðum eru nauðsynlegar af laga- eða reglugerðarástæðum sem eru utan okkar stjórnar, þá getur *Revolut Insurance Europe*/umsjónarmaður ekki gefið þér 30 daga fyrirvara.

Ef þú mótmælir einhverjum breytingum sem gerðar eru eða eru lagðar til, geturðu sagt upp þessari tryggingu með því að hætta við reikninginn þinn.

## Lög og lögsaga

Það er samþykkt að þessi trygging skal eingöngu heyra undir lög og framkvæmd Íslands, og allar deilur sem stafa af, út af eða í tengslum við þessa tryggingu skulu eingöngu heyra undri lögsögu lögbærs dómstóls á Íslandi.

## Upplýsingaskylda

Það er á þinni ábyrgð að veita upplýsingar sem eru fullnægjandi og réttar til okkar allan líftíma þessa váttryggingarskírteinis. Það er mikilvægt að þú tryggir að allar fullyrðingar sem þú setur fram í gegnum síma, á tjónstilkynningunni eða í öðrum skjölum séu réttar og fullnægjandi. Takist ekki að veita upplýsingar þegar þess er óskað getur það haft áhrif á rétt þinn samkvæmt þessu váttryggingarskírteini og getur þýtt að krafan verði ekki öll greidd eða hluti af kröfunni verði ekki greidd.

## Skilgreiningar

Alltaf þegar eftirfarandi orð eða orðasambönd birtast skáletruð munu þau hafa þá merkingu sem lýst er hér fyrir neðan:

€

stendur fyrir Evrur.

### SLYS

allar skyndilegar, óvæntar og ekki vísitandi skemmdir á tryggða hlutum vegna ytri orsaka.

### REIKNINGUR

stendur fyrir Metal, Premium eða Plus Plan *reikning* hjá Revolut.

### REIKNINGSEIGANDI

stendur fyrir einstakling sem á gildan *reikning*.

### UMSJÓNARAÐILI

stendur fyrir QOVER SA/NV – RPM 0650.939.878 – FSMA 0650.939.878. QOVER SA/NV lögfræði- og rekstrarskrifstofur eru staðsettar í “Rue du Commerce 31 – 1000 Brussels”.

### NÁINN ÆTTINGI

merkir einhvern af eftirtöldum aðilum: eiginmann *þinn* eða eiginkonu *þína* (eða í raun maka sem *þú* býrð varanlega með á sama heimilisfangi), (stjúp-)börn, (stjúp-)foreldrar, (stjúp-)amma og afi, (stjúp-)bróðir, (stjúp-)systir, tengdforeldrar, tengdasonur/dóttir, barnabörn eða unnusti/unnusti.

### TRYGGÐUR HLUTUR

stendur fyrir hlut sem keyptur er af *reikningseiganda* á váttryggingartímabilinu sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

- Greitt af fullu af tryggða reikningnum; og
- Eingöngu til einkanota, ekki notað í viðskiptalegum tilgangi; og
- Glænýr, hefur ekki átt aðra eigendur og var ekki keyptur af einstaklingi; og
- Er með CE öryggis og umhverfisvottun sem krafist er; og
- Ef undantekningar eiga ekki við.

## EVROPA

Andorra, Belgía, Búlgaría, Króatía, Lýðveldið Kýpur, Tékkland, Danmörk (+ Færeyjar), Eistland, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Grikkland, Gíbraltar, Ungverjaland, Ísland, Írland, Ítalía, Lettland, Liechtenstein, Litháen, Lúxemborg, Malta, Holland, Noregur, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, og Sviss, Bretland (þar með talið Isle of Man, Jersey, Guernsey), Vatíkanið.

### VIÐBURÐUR

stendur fyrir öll skipulögð tilefni sem eiga sér stað á vettvangi innan *Evrópu* þar sem *miðarnir* eru seldir fyrir fram. *Viðburðir* fela í sér en eru ekki takmarkaðir við menningar-, íþrótt- og frístundaviðburði, sýningu eða skemmtigarð.

### MIÐI

stendur fyrir fram keyptan miða eða samsvarandi passa (þ. á m. rafmiði (e-ticket) sem tryggir aðgang að viðburði að ákveðnum sýningar- eða notkunardegi. Miðar fyrir samgöngur eru ekki tryggðir.

### VÁTRYGGINGARSKÍRTEINI

stendur fyrir samsetningu á þessum skilmálum, áætlun váttryggingarskírteinisins, allar breytingar, og IPID sem er fylgiskjal við þetta skjal.

### LÆKNIR

stendur fyrir lækni eða sérfræðing sem er skráður eða er með leyfi til lækninga samkvæmt lögum þess lands þar sem þeir starfa aðrir en:

- *þú; eða*
- *náinn ættingi þinn*

### OKKAR/OKKUR/VIÐ/VÁTRYGGJANDI

þýðir: Fyrir kaup til og með 31. mars 2022 – Chubb, sem eini váttryggjandi; og Fyrir kaup frá og með 1. apríl 2022 – Chubb og Wakam, sem meðtryggjendur.

### VÁTRYGGINGARTÍMABIL

þýðir dagsetningar sem kveðið er á um váttryggingarskírteininu þar sem váttryggingarbætur sem samið er um á milli *váttryggingartakans* og *okkar* eru í gildi eins lengi og *þú* ert “Plus”, “Premium” or “Metal” neytandi.

## VÁTRYGGINGARSKÍRTEINI

þýðir það sem tryggingin bætir undir *skilmálunum* *vátryggingarskírteinisins*.

### (AÐAL) VÁTRYGGINGARTAKI

þýðir Revolut Bank UAB, viðurkenndur banki með leyfi frá Litháensbanka og Seðlabanka Evrópu samkvæmt leyfisnúmeri 22 og skráður í Litháen með fyrirtækjakóða 304940980 og með skráða skrifstofu í Konstitucijos pr. 21B, LT-08130, Vilnius, Litháen.

### REVOLUT INSURANCE EUROPE

þýðir Revolut Insurance Europe UAB, löggiltur vátryggingamiðlunaraðili af Bank of Litháen og skráð í Litháen með fyrirtækjakóða 305910164, og með skráð skrifstofa í Konstitucijos pr. 21B, LT-08130, Vilnius, Litháen.

### SKILMÁLAR VÁTRYGGINGARSKÍRTEINISINS

stendur fyrir þessa skilmála.

### KAUPVERÐ

þýðir verðið sem var upphaflega greitt sem er að finna á reikningnum og tekur tillit til allra viðeigandi skatta og afsláttar, afsláttarmiða, inneigna, eftirstöðva o.s.frv.

### ÞJÓFNAÐUR

þýðir varanlegt tap hlutarins eftir að honum hafi verið stolið af þriðja aðila.

### ÞÚ/ÞINN/VÁTRYGGÐUR

þýðir nafngreindur *reikningshafi* af “Plus”, “Premium” eða “Metal” plani með Revolut sem er rétthafi vátryggingarskírteinisins.

### CHUBB

Chubb European Group SE er félag sem fellur undir ákvæði frönsku vátryggingalaganna með skráningarnúmer 450 327 374 RCS Nanterre og er með eftirfarandi skráða skrifstofu: La Tour Carpe Diem, 31 Place des Corolles, Esplanade Nord, 92400 Courbevoie, Frakkland. Chubb European Group SE hefur greitt hlutfé að fullu upp á €896.176.662 og er undir eftirliti Autorité de contrôle prudentiel et de résolution (ACPR) 4, Place de Budapest, CS 92459, 75009 PARIS CEDEX 09.

### WAKAM

þýðir Wakam, franskt société anonyme (almennt hlutfélag) með hlutfé upp á 4,514 512 evrur 120-122, rue Réaumur, 75002 París (Frakkland) og VSK-númerið er FR 59562117085. Skaðatryggingafélag sem samþykkt er af tryggingaeftirlitsstofnun Frakklands (e. ACPR), með heimilisfang að 4 Place de Budapest, CS 92459, 75009 PARIS CEDEX 09, með númerinu 4020259.